

Um leiðsögn með lokaverkefnum - Að leggja grunn að vinnu við meistararitgerð

Hafdís Ingvarsdóttir.

Málstofa ritvers um leiðsögn með lokaverkefnum, 22. nóvember 2012

1. Boða nemand/nemana í viðtal við fyrsta tækifæri og gef mér góðan tíma

Ræða um aðstæður, fjölskyldu/vinnu, fyrra nám. Hversu mikinn tíma hann/hún reikni með að hafa til verksins? Enskukunnátta?

Ræða um ákveðnar kröfur sem gera þurfi til meistararitgerða, t.d. nemi sýni að hann sé vel lesinn. Verða að nota frumheimildir. Handbækur, kennslubækur, glærur aldrei gildar heimildir í meistararitgerð. Áhersla á að lesa allt með gagnrýnum augum. Spyrja um þekkingu á Endnót eða samsvarandi kerfi. Fer í gegnum ákveðnar spurningar:

- Hvað langar þig til að rannsaka? Hvers vegna?
- Hvers vegna telur þú mikilvægt að gera þessa rannsókn?
- Hvað ertu búin að lesa um þetta efni?

Ræða um hvaða námskeið sé mikilvægt að taka til viðbótar ef við á.

Ég legg áherslu á að nemandinn byrji strax að lesa sér til og nefni dæmi um mikilvægt lesefni. Bið nema að skrifa alltaf smá útdrátt úr öllu sem hann les. Semja um hvenær ég fái fyrstu heimildaskrá (Skoða nýjustu heimildir). Ef þörf er á fer ég í gegnum lestrarstrategíur og hvað felst að lesa á erlendu máli.

Enginn gagnasöfnun fyrr en rannsóknaráætlun liggur fyrir (gera þó stundum pilot)

Legg áherslu á að nemandinn verði að hafa samband mánaðarlega hvort sem hann hafi gert það sem um var samið eða ekki. Geri nema grein fyrir að ef ekki heyrst í nema í tvo mánuði lít ég svo á að nemandinn sé hættur hjá mér (framvinduskýrsla, sbr. Jóhönnu E.)

Gátlisti afhentur.

Gátlisti vegna rannsóknaráætlunar

(eflaust má setja ýmislegt fleira en mér hefur reynst best að hafa listann sem einfaldastan.)

- Markmið rannsóknarinnar (hvað langar **mig** að vita)?
- Hvers vegna er mikilvægt að gera þessa rannsókn?
- Hvaða persónulegt mikilvægi hefur hún fyrir mig?

Staða þekkingar á þessu sviði rannsóknar?

a) Á Íslandi. b) Almennt.

- Hvaða nýja þekkingu er þessari rannsókn ætlað að leiða í ljós?
- Hverjum mun þessi rannsókn einkum nýtast?
- Hverjar eru helstu fræði/kenningar sem ég hyggst nota til grundvallar rannsókninni?

Hvers konar spurningar (rannsóknarspurningar) þarf ég að setja fram til að fá þá vitneskju sem ég er að sækjast eftir?

Hvaða aðferðafræði hyggst ég beita og hvers vegna þessum/þessari aðferð?

(Mun þessi aðferð og þessi gögn best geta veitt svör við rannsóknarspurningunum?)

- Stutt lýsing á bakgrunni rannsóknarinnar og því umhverfi sem hún fer fram í.
- Hverjir eru þátttakendur og hvernig eru þeir valdir (aðgangur)?

Tímaáætlun:

Lestur um fræðasviðið, gagnaöflun, greining gagna, skrif.

Til athugunar:

Eru öll fræðileg hugtök sem ég hyggst nota vel skilgreind í áætluninni?